Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1889-1946, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Gunnar Þórðarson – Hæstiréttur – Meiðivallarpartur – Þingeyjarsýsla – Pétur Jakobsson – Páll Jóhannesson – Jón Björnsson – Dómabók Reykjavíkur – Íslandsbanki – Guðmundur Eggerz

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-9, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**




stefn. kostn. 35.50

nr. 22914 pr. 1/12.'27



málskostn. kr. 65.50

# Útskrift
úr
# Dómabók Reykjavíkur

---

Ár 1928, laugardaginn 19. maí var í gestarjetti Reykjavíkur í málinu nr 150/1928 Stjórn Íslandsbanka

gegn

Gudmundi Eggerz o. fl.

uppkveðinn svohljóðandi

**Dómur:**

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 10 þ. m. af Stjórn Íslandsbanka ~~gegn~~ hjer í bæ gegn Guðm. Eggerz, fyrv. sýslumanni, til heimilis á Framnesveg 16 C. og Benedikt Sveinssyni, Skólavörðustíg 11 A,

til greiðslu víxils að upphæð krónur 560.00, útgefins 2. nóv. 1927 af stefndum Benedikt og samþykts af stefndum Guðmundi til greiðslu í Íslandsbanka hér í bæ 1/12 27 ~~en á víxli þessum, sem afsagður var sökum~~ greiðslufalls og hefir ~~er(u) stefnd~~ útgefandi fallið frá afsögn á víxlinum ~~ábeking~~

Hefur stefnandi krafist þess, að stefnd ir verði in solidum dæmd ir til að greiða sér upphæð víxilsins kr. 560.00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, 1/3 % upphæðarinnar í þóknun, ~~kr. í afsagnarkostna~~ð og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málafærslumannafélagsins kr. 80.00

Stefnd ir h afa hvorki mætt né mæta látið og er ~~honum~~ þeim þó löglega stefnt. — Verður þá eptir N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með framsali til ~~sín~~ handhafa svo og afsagnargjörð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti. —

**Því dæmist rétt vera:**

Stefnd ir, Gudmundur Eggerz og Benedikt Sveinsson

greiði ~~einn fyrir alla og allir fyrir einn~~, báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnandanum

—

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórn Íslandsbanka kr. 560.00 með 6% ársvöxtum frá 1. des. 1927 til greiðsludags, 1/3 % upphæðarinnar í þóknun, ~~kr.~~ ~~í afsagnarkostnað~~ og kr. 80.00 í málskostnað – allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Jóh. Jóhannesson

Rétta útskrift staðfestir:
Bæjarfógetinn í Reykjavík 4. júlí 1928

Jóh. Jóhannesson

Gjald:

| | |
|---|---|
| Ritlaun . . . . . . . . | Kr. 1.00 |
| Stimpilgjald . . . . . . | „ 0.50 |
| Samtals . . . | Kr. 1.50 |

— ein króna og fimmtíu aurar —

Greitt:

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Ár 1928 mánudaginn 16 júlí síðdegis, birtum við undirritaðir stefnuvottar Reykjavíkur framanritaðann dóm
Kl. 6½ á heimili fyrverandi sýslum. Guðmundar Eggerz, Framnesveg 16c – hér í bænum, fyrir fröken Rögnu Eggertsdóttur sem býr líka þar í húsinu, og lofaði hún að skýra dómfeldum – er var fjærverandi – frá birtingunni.
Kl. 7¼ á heimili alþm. Benedikts Sveinssonar, Skólavörðustíg 11a hér í bænum, fyrir dóttur hans Kristjönu, og lofaði hún að skýra dómfeldum, er var fjærverandi, frá birtingunni.
Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar og staðfestum með eiginhandar nöfnum.

Reykjavík 16 júlí 1928.

Sveinn Jóhannesson Einar Jónsson

Gjald:
4 – fjórar – Kr.
greitt
Sv. J. E. J.

Borgað 6/1 1933
Útvegsbanki Íslands h/f

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kr. 65.50

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skammstafanir:

D = hraðskeyti.
RPx = svar borgað (í stað x kemur orðafjöldinn).
RPDx = hraðsvar borgað.
Post = póstgjald borgað.
TC = samanborið til tryggingar gegn misritun).
MP = afhendist viðtakanda sjálfum.
RO = afhendist opið.
FS = eftirsendist.
PC = viðtökuskírteini óskast.
XP = útsending borguð.

Fyrir hraðskeyti er þrefalt gjald.

Gjöld:

# LANDSSÍMI ÍSLANDS

**Símskeyti**

til ______ frá ______

Eyðublað nr. 2.

Sent til ______

kl. ______

af /

Nr. ______, ______ orð, þ. / 192 kl. ______

Athugasemdir símþjóna.

Skrifið greinilega!

Jón Björnsson kaupmaður
Þórshöfn.

Bankastjórn krefst helmingur greiðist.
Hótar málsókn ella. Viðurkennir þó
soliditet aðilja. Hvað skal gjöra.
Seinasti dagur mánudag.
Kveðjur Benedikt

Nafn og heimili sendanda*).

*) Þegar um væntanlegt svar eða endurborgun er að ræða.

100000 · 7 · 27

Fél.pr.sm.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Afskrift

Jóhannes Jóhannesson
bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Mér hefir tjáð Páll Jónsson verkamaður Bókhlöðustíg 6 hér í bænum að hann eftir árangurslausa sáttatilraun þurfi að höfða mál á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Benedikt Sveinssyni alþingismanni Skólavörðustíg 11 hér í bænum til greiðslu á skuld að upphæð Kr. 3296.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags. Svo krefst stefnandi þess að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir reikningi að mati réttarins.
Um tildrög málsins vísar stefnandi til sáttakærunnar.
Því stefnist hér með téðum alþingismanni Benedikt Sveinssyni Skólavörðustíg 11 hér í bænum til þess að mæta á bæjarþingi Reykjavíkur sem haldið verður á bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu fimtudaginn 13. þ. m. kl. 10 árdegis til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki, í dóm lögð, á framburð sakar og réttarkröfur að hlýða, svara til sakar og þola dóm samkvæmt ofangreindum kröfum.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.
Bæjarfógetinn í Reykjavík 4. Jan. 1921

Jóhannes Jóhannesson
(sign.)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SÝSLUMAÐURINN
Í
ÞINGEYJARSÝSLU.

Húsavík 23. nóv. 1927

Hefi samstundis skrifað þannig út af "Meiðavallaparti" til Einars Benediktss.:

„ Sendi yður, herra f.v. sýslumaður, með brjefi þessu umbeðið eptirrit úr dómsmálabók Þingeyjarsýslu af sætt milli Guðm. Sigurjónssonar og Jón á Meiðavöllum um svonefndan "Meiðavallapart". Guðmundur gat ekki í rjettinum greitt hinar áskildu 400 Kr. og því ákváðu aðilar í minni áheyrn, þó um það sje ekkert bókað, að þær yrðu síðar greiddar Páli kaupm. Kristjánssyni, sem nú er eigandi Meiðavalla, en krónur þessar eru ógreiddar enn. Nú hefir alþingismaður Benedikt Sveinsson lofað, að sjá um, að þær verði greiddar hingað, og þá mun ekki standa á afsali eða yfirlýsingu Páls. Kr. 1,00 fyrir eptirritið bið jeg yður, að greiða Benedikt mín vegna."

Jafnframt vísa jeg til brjefs 2. þ.m. útaf sölu Byrgis og vona, að yður og skáldinu mikla takist, að binda sem fyrst enda á söluna og jeg fái upphæðirnar greiddar einsog áskilið af mjer.

J. Havsteen

Herra

alþingismaður Benedikt Sveinsson

REYKJAVÍK.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landssíminn

**Símskeyti**

nr. 1 b

Einar Benediktsson

Veltusund Rvík.

Reykjavík

# Landssími Islands

Athugasemdir símaþjóna.

AFRIT.

| *Símskeyti frá* | *nr.* | *orð* | *dags.* | *kl.* | *Meðtekið frá* | *dags.* | *kl.* | *af* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Húsavík | 20 | 28 | 20/10-27 | 12,30 | A | 20/10 | 13,30 | St |

(30000 - 12 - '26)

Gutenberg

Með rjettarsætt 18 júlí 1924 afsalar bóndinn Meiðavöllum til kennara Guðmundar Sigurjónssonar Meiðavallapart í Ásbyrgi fyrir 400 krónur stop Upphæð þessi enn ógreidd.

Sýslumaæur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn .. f.m. var mér birt gesta-réttar-stefna
~~til~~ frá herra Pétri Jakobssyni, út af
tveimur víxlum, er ég var útgefandi að,
~~ann~~ - . . . .

Lögsókn þessa skoðaði ég sem
markleysu eina, fyrir þá sök, að
hún var hafin á hendur mér, á
þeim tíma, sem Alþingi stóð, þar sem ~~og~~
45. gr. stjórnarskrár Íslands . . 1920
kveður svo á, að ekki megi höfða
mál gegn alþingismanni meðan
alþingi situr. Einnig er það tekið
fram í gr. stjórnarskrárinnar, að
alþingi sé friðheilagt, og enginn
megi brjála friði þess né frelsi. —
Þar sem ég hafði svo skýr og
ákveðin fyrirmæli sjálfrar stjórnar-
skrárinnar fyrir mér, þótti mér

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Súpa.
Fiskur, soðinn, í Mayones.
Svínasteik –
Ís
Kaffi.

---

9 kr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með öllu óþarft að sinna, að
enda hafði engum trúað til þess
nokkurri fyrirgreindri skrifum, með
því, að eg hugði dómarann skjóta
að vísa ~~málinu~~ málsókn þessari
frá réttinum <u>ex officio</u>.

Nú hefir svo undarlega til tekizt, að undirdómarinn hefir eigi tekið hin skýlausu ákvæði 45. gr. stjórnarskrár ins íslenzka ríkis til greina, heldur dæmt mig, svo sem eg hefði ~~eigi~~ að engu notið réttarverndar ~~fyrirgreindr~~ sem sjálf grundvallarlög ríkisins skipa fyrir.

Þar sem eg vil alls eigi þola slíkt réttarbrot á mér sem alþingismanni, og það því síður sem ég er forseti neðri deildar alþingis, tel því sérstaka skyldu mína að halda uppi rétti alþingis og alþingismanna, þá vil eg leyfa mér að sækja um það til hæst-
virts dómsmálaráðherra að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum mégi þóknast að veita
mér gjafsókn í máli þessu, er
eg áfrýja fyrir hæstarétti,
og skipa mér sækjanda í málinu.
Mun eg krefjast þess, að ónýttur
sé dómur undirdómarans af málinu vísað heim
fyrirgreindum ástæðum, og hann
eða málshefjandi beri allan
kostnað af máli þessu frá
upphafi, en eg greiði aðeins
upphæð fyrirgreindra víxla með
vöxtum, án alls málskostn-
aðar, svo sem eg hefi ávalt
verið reiðubúinn og fús að gera.

Virðingarfyllst.

B.Sv.

Adv. sent.

Til
dómsmála-ráðherra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**JUSTITIARIUS**

**og**

**ASSESSORES**

**í**

**HÆSTARJETTI**

GJÖRA KUNNUGT: Oss hefir tjáð Gunnar Þórðarson kaupmaður að hann vilji áfrýja til Hæstarjettar dómi uppkveðnum í gestarjetti Reykjavíkur 2. júní þ.á. í málinu: Gunnar Þórðarson gegn Benedikt Sveinssyni, en dómur þessi hljóðar svo:

"Því dæmist rjett vera:

"Stefndur Benedikt Sveinsson á að vera sýkn af kröfum "stefnandans, Gunnars Þórðarsonar, í þessu máli. Máls- "kostnaður falli niður".

Fyrir Hæstarjetti kveðst áfrýjandi munu krefjast þess að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra málsástæðna eða gagna, hrundið og honum breytt á þá leið að allar kröfur stefnanda fyrir undirrjettinum verði teknar til greina og áfrýjanda tildæmdur málskostnaður fyrir undirrjetti og Hæstarjetti eftir mati Hæstarjettar.

Fyrir því stefnist hjermeð herra alþingismanni Benedikt Sveinssyni í Reykjavík, fyrir Hæstarjett <u>í nóvembermánuði n.k.</u> þegar málið verður þar fyrir tekið, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rjett lögð, á sókn sakar og rjettarkröfur að hlýða, halda uppi vörn og sæta dómi.

Til staðfestu nafn Hæstarjettarritara og innsigli Hæstarjettar.

Skrifstofa Hæstarjettar júlí 1926.

Gjald:

5 - fimm - krónur

Greitt.

Þýddi ekki. „Dómarnir" lutu í lægra hald.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 15. okt. 1924.

Herrar Ásgeir Ólafsson og Benedikt Sveinsson,

Reykjavík.

Eins og við undirritaðir skýrðum hr. Ásgeiri Ólafssyni frá í samtali nýlega, lét nefnd sú, sem kosin var til að gera upp bú Gunnars Þórðarsonar, endurskoða bækur hans og kom þá í ljós, að heildverzlunin, sem þér rákuð í félagi við hann sýndi halla að

upphæð .................................... Kr. 16.042.92

Þar af ber Gunnari Þórðarsyni, samkvæmt félagssamningi ykkar, að greiða 1/3 eða .................... Kr. 5.347.64

en yður eftirstöðvarnar .................... Kr. 10.695.28

Upphæð þessa, að frádregnum vöxtum af skuld Gunnars við heildsöluna .................... Kr. 188.26

og víxli, er þér þegar hafið tekið að yður .................... Kr. 6.400.00

mínus peningum útborguðum ykkur úr búinu .......... Kr. 1.280.00 = " 5.120.00     Kr. 5.308.26

Kr. 5.387.02

leyfum við okkur hér með að mælast til að þér greiðið nefndinni, eða semjið um skuldina, innan sjö daga frá í dag. Að öðrum kosti mun nefndin ~~xyx~~ ekki sjá sér annað fært, en að innheimta skuldina tafarlaust með lögsókn.

Eitt eintak af bréfi þessu er sent hvorum ykkar í ábyrgðarbréfi í dag.

Virðingarfylst,

f.h. nefndarinnar

[illegible]   Gunnar E. Kvaran

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SVEINN BJÖRNSSON
GUÐMUNDUR ÓLAFSSON
PJETUR MAGNÚSSON
Hæstarjettarmálaflutningsmenn
REYKJAVÍK

Jóhannes Jóhannesson

bæjarfógeti í Reykjavík

Gjörir kunnugt: Mjer hefur tjáð Gunnar Þórðarson kaupmaður hjer í bænum að hann þurfi að höfða mál gegn Benedikt Sveinssyni, alþingismanni í Reykjavík til greiðslu skuldar að upphæð kr. 2.693.31 ásamt 6% ársvöxtum frá því í dag til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, en tildrög málsins tjáir stefnandi þessi:

Með fjelagssamningi dags. 16. mai 1922 stofnuðu þeir Benedikt Sveinsson og Ásgeir Ólafsson, Miðstræti 8 og stefnandi fjelag með sjer til að reka verzlun hjer í bænum og skyldu þeir hver um sig bera tap og ágóða af versluninni að 1/3 - einum þriðja - hluta -. Þegar hagur verzlunarinnar var gerður upp í haust, kom það í ljós að verzlunin stóð í skuld við stefnanda um krónur 16012.92 en þar af bar stefnanda að greiða 1/3 hluta kr. 5347.64. Var því skuld Benedikts og Ásgeirs við stefnanda kr. 10.695.28, en frá þeirri upphæð ber aftur að draga kr. 188.26 er stefnandi skuldaði verzluninni í vexti og kr. 6.400.00, víxil sem þeir Ásgeir og Benedikt hafa tekið að sjer að greiða að frádregnum útborguðum peningum til þeirra úr búi stefnda kr. 1280.00 samtals kr. 5.308.26 og skulda þeir Ásgeir og Benedikt stefnanda því kr. 5.387.02 og ber samkvæmt fjelagssamningnum að skifta þeirri upphæð jafnt á milli þeirra og koma þá áðurgreind upphæð kr. 2693.81 í hvers hlut.

Fyrir því stefnist hjermeð tjeðum Benedikt Sveinssyni til að mæta fyrir gestarjetti Reykjavíkur, sem haldið verður á bæjarþingsstofunni í Reykjavík miðvikudaginn 19. þ.m. kl. 10 árdegis til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rjett lögð, sókn sakar og rjettarkröfur að heyra, til sakar að svara og dóm að þola í framangreinda átt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Bæjarfógetinn í Reykjavík     nóvember 1924.

Gjald:

2 - tvær - krónur

Greitt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samrit.

Gunnar Þórðarson kaupmaður, Benedikt Sveinsson alþingismaður, og Ásgeir Ólafsson, allir til heimilis hér í Reykjavík, gjörum með okkur svofeldan bráðabirgða félags-samning :

1.. 1 Undir nafni Gunnars Þórðarsonar rekum við, fyrst um sinn, heildsöluverslun, er sé að öllu reikningshaldi fráskilin verslun þeirri, sem Gunnar rekur nú.

2. Hver um sig leggur til jafna upphæð og jafna ábyrgð, og skiftist því ágóði og tap gagnkvæmt.

3. Fyrst um sinn vinnur Ásgeir einn að versluninni, og hefir í kaup 300-þrjú hundruð-krónur um mánuðinn frá 1. mars þ.á. að telja.

4. Engum okkar er heimilt að láta af hendi eða lána, að fráskildni venjulegri vörusölu og vörulani, eignir félags okkar, né heldur á nokkurn hátt skuldbinda félagið með ábyrgð fyrir aðra, svo sem með víxiláritun eða slíku.

5. Reikningar félagsins skulu gerðir upp einu sinni á ári, fyrsta skifti um næstu xxxxxxxxxx ára mót. Netto ágóða tekur hver við, eða lætur hann standa inni í félaginu. Séu inneignir þannig mismunandi skal skoða þær sem hverja aðra skuld, sem skuldhafi getur krafist sér greidda, en þó aldrei með skemmri en 2-6 mánaða fyrirvara.

6. Félagið er óuppsegjanlegt um óákveðinn tíma, og fer um uppsögnina eftir samkomulagi. Skal þá allur hagur félagsins gerður upp og skift eftir þeirri uppgerð, sem samkomulag verður um. Heimilt er þó hverjum um sig að krefjast þess að skiftarétturinn taki félagsbúið til meðferðar.

7. Hluti hvers okkar verður hvorki tekinn fjárnámi né lögtaki né kyrsettur í félagseigninni, til tryggingar þeirra skulda okkar, sem félaginu eru óviðkomandi.

8. Nú deyr einhver okkar, eða bú hans verður gjaldþrota, þá er hinum rétt að krefjast þess innan 2ja mánaða eftir látið eða byrjun gjaldþrota meðferðarinnar, að félags-atvinnan haldi óhindruð áfram og eignir hennar verði framvegis í umsjón og undir forræði þeirra. Skal þá gerður upp hagur félagsins á næsta mánaðar fresti og greiðist eftir kröfu búsins, ekkju eða erfingja hins látna, hluti hans í sameigninni með þriggja mánaða fyrirvara, eftir mati 2ja dómkvaddra óvilhallra manna. Heimilt er og sömu aðilum, að fela áreiðanlegum manni að fara yfir reikninga félagsins og líta eftir meðferð á eignum þess, þar til hluti félagans er að fullu greiddur.
Nú verður einhver okkar sviftur fjárforræði, og fer þá um aðstöðu hans við félagseign okkar eins og sagt var um andlát hans.

9. Mál út af samningi þessum má reka fyrir gestarétti Reykjavíkur.
Samningurinn er í þremur samrituðum frumritum, sitt handa hverjum.
Til staðfestu eru eiginhandar nöfn okkar og tveggja vitundarvotta.

Reykjavík, 16. maí 1922.

Vottar :

Eiríkur Guðmundsson — Gunnar Þórðarson

Benedikt Helgason — Benedikt Sveinsson.

Ásgeir Ólafsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Framhalds-vörn
## í málinu
## Gunnar Þórðarson
### gegn
## Benedikt Sveinssyni.

Eg skila hér með skjölum málsins 1–25.

~~Eg~~ Eg get fallist á það alls eina atriði í framhaldssókn stefnanda, ~~málsskjali~~ rskj. 25., að mál þetta fari nú að verða svo „mikið rætt", að óþarft virðist mikla við að bæta. Skal eg því láta nægja að mótmæla öllum kröfum og fullyrðingum stefnanda að fullu og öllu, um leið og eg held fast við þær skýrslur og sannanir, er eg hefi ~~borið~~ fram áður í málinu.

Þó get eg eg ekki gengið fram hjá að leiðrétta nýjar blekkingar og staðlaus ósannindi, er fram koma í þessu seinasta sóknarskjali og jafnframt benda réttinum á mótsagnir sækjanda og hversu hann er orðinn tvísaga í höfuð-atriði málsins.

~~Sækjandi~~ Það eru ósannindi ~~stefnanda~~ stefnanda, að eg hafi viðurkent um efnahagsreikninginn á rskj. 14, „að það uppgjör hafi aðeins verið gert vegna bankanna". ~~Eg hafi~~ Við höfum margsinnis skýrt frá því, að það væri áramóta-uppgjör 1922–23 og það hafi verið sent bönkunum, svo sem venja er til um fyrirtæki–

enda er það víst, að sækjandi getur ekki (og hefir aldrei getað) styrkt málið með neinum rökum, sem hans komi málstað að haldi:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

sem þurfa að halda á rekstursfé fyrir
þeim. Ennfr. höfum vér skýrt frá
því, að félagsslitin í janúar 1923
hafi verið byggð á þessu uppgjöri, sbr.
að þetta nákvæmlega satt og rétt, enda
margsannað, bæði af hlutarins eðli og
með vottorði og vitnaframburði Lárusar
Einarssonar, og hefir sækjandi þar
engu fengið haggað, því að eintóm mót-
mæli hans eru engin rök, þar sem
sönnunarskyldan fyrir því gagnstæða,
hvílir einmitt á honum.

~~Og~~ Og hvernig hefir nú sækjanda tekist að
sanna (fullyrðingu) [sína] um félagsslitin?
~~Hann reynir að bera fyrir sig, að G. Þ.~~
~~ha~~ Hann hefir áður borið það blákalt fram,
að ~~samtalning G. Þ. 11 apríl~~ félagsslitin
hafi farið fram 11. apríl (~~eða um~~ mánaða-
mótin mars–apríl) 1923. Nú segir hann
„að félagið hafi haldizt þangað til heild-
verzlunin, sem félagið var stofnað til að
reka, hætti!“

NB

G. Þ. hvarf héðan til Danmerkur með
E/S „Íslandi“ 2. ágúst 1923 og hafði þá
ekki gert neina ~~[illegible]~~ ráðstöfun að hætta
heildverzluninni – samkv. vitnaframburði
Eiríks Guðmundssonar, af nokkru hans að sínu [illegible] ~~sem hann hafði rekið~~
á sama stað og á eigin spýtur frá því í janúar
að félagsslit voru orðin. Og það var ekki fyrr
en 12. ágúst 1923, að þeir Guðmundur

og bráðabirgða-samningur ~~[illegible]~~ VÖR, (dags. 16. maí 1922) sem aldrei komst til fullra framkvæmda og aldrei var þinglesinn, þar með að öllu leyti úr sögunni: (uppkastinn og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafsson, Jónas Hvannberg, Gunnar E. Kvaran, B. Kristjánsson, A. Kristinsson, Sveinbjörn Jónsson og Robert Smith komu saman í Reykjavík „til að athuga efnahag nefnds kaupmanns, og kom það í ljós af framlagðri efnahagsskýrslu, að búið mundi ekki hrökkva fyrir skuldunum. Var því næst samþykkt að reyna að koma búinu í peninga, án þess að afhenda það til gjaldþrotaskifta og til þess kosnir þeir: Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmála~~flutnings~~færslumaður, Aðalstein Kristinsson verzlunarstjóri, Gunnar E. Kvaran stórkaupmaður, Jónas Hvannberg kaupm~~aður~~ og Sveinbjörn Jónsson cand. jur. Var nefnd þessari falið, að byrja á því, að leita samþykkis fjarstaddra skuldareiganda á þessari ráðstöfun búsins og því næst að því fengnu, að skifta búinu". (Sbr. gerðabók skiftanefndarinnar í bú G.Þ.)

Það var fyrst eftir þessi afrek, sem leitað var til okkar bónarveg um uppgjöf að okkar hluta á því, er við urðum að taka að okkur vegna privatvíxla Gunnars, er við höfðum skrifað á og áður er upplýst hér í málinu.

Þá var ekki minnst einu orði á, að við ~~xx~~ stæðum í óuppgerðum sökum við G.Þ., né á nokkur~~ra~~ félagsslit heildverzlunarinnar, og eru það alveg tilhæfulaus ósannindi og uppspuni, er mótpartur segir nú, að okkur ~~félögunum hefði~~ „félögunum" ~~verið þessa máls~~ ~~haf~~ „muni hafa verið tilkynt það, að óhjákvæmilegt væri að loka." ~~Og eftir því sem hagar~~

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. heildverzlunarinnar var orðinn var ekkert annað hægt að gera, enda er það viðurkent af stefndum, að strax í janúar 1923 hafi verið útséð um það, að ekki var hægt að halda verzluninni áfram þegar bankarnir neituðu um lán."

Það var þvert á móti svo, að <u>búið var að loka</u> verzluninni, áður en við vissum af, og áður en þessi fundur var haldinn, og komum við að luktum dyrum í heildverzlun G.Þ., þegar við ætluðum, fyrir 10. ágúst, að ~~taka þar~~ fá út vörur til tryggingar þeim víxlum G.Þ., er þá voru að falla (10. og 16. ág.) og áður er um getið, og var okkur neitað um þær. En um brottför Gunnars vissum við ekkert fyrr en við sáum fregn um hana í blöðunum 4. og 5. ágúst sama ár.

Í öllum þessum umbrotum og ráðstöfunum á heildverzlun og búi G.Þ. var aldrei orði minst á við okkur, að við værum á nokkurn hátt við heildverzlunina riðnir sem meðeigendur — sem og ekki var — og var það fyrst meira en ári seinna, eða á fundi hinna „sjálfkjörnu“ skiftaráðanda búsins <u>15. sept. 1924</u>, að þeir finna upp á því að fela þeim Jónasi Hvannberg og Gunnari Kvaran að „leita samkomulags“ við okkur um kröfur þær, er ~~nú~~ koma fram í stefnunni og við höfum margfaldlega hrundið.

Ég mótmæli harðlega að Ásgeir Ólafsson hafi farið með nokkrar greiðslur verzlunarinnar aðrar við en hann hafði fulla heimild til, sem ~~[illegible]~~ verzlunarstjóri hjá G.Þ., enda hafa verið reknar aftur dylgjur mótpartsins um það efni, með fullum rökum í síðustu vörn okkar, [illegible] og [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/ réttarskjal 10.; þar sem skuld A.G. 11/4 23, er talin 358 krónur, en í skuldar G.Þ. komum Kr. 2000 + 400 + 200. Vísa að öðru leyti til þess sem áður er sagt um þetta atriði. í rskj. 24. – ~~Vilji mótpartur ósannar~~ mál[illegible]. Þarf þar ekki fleiri [illegible] um að hlutta.

Held ég svo fast við allar réttarkröfur mínar og mótmæli öllum kröfum af hálfu mótpartsins.

Legg ég svo málið í dóm með fyrirvara.

G.S. Gjörðabók skifta-ráðandans [illegible] með afriti ber það ljóslega með sér, það sem hún nær, að alt, sem ég hefi haldið fram í málinu, er sannleikanum samkv. þar á meðal um miðlungi heppilegar ráðstafanir á eignum búsins.

\+ Má af henni má t.d. sjá að á fundinum 26. sept 1923 eru allar vörubirgðir G.Þ. ~~þar með talið vörubirgðir~~ heildverslunarinnar G.Þ. ~~á kr 6250~~ þar með taldar vörubirgðir ~~Skr. 9~~ lista ~~4/4 23~~ 11. apríl 1923. Þegar þess er gætt að vörubirgðirnar á nefndum lista eru ~~taldar~~ Kr. 12540.00 og þar við bætast vörubirgðir smáverslunarinnar ~~og svo nýjar vörur~~, þá sýnist lítið vit að selja vörurnar fyrir þetta verð, enda var slík ráðstöfun algjörlega óheimil án samþykkis okkar, ef við áttum að bera tjónið. Öll meðferð skiftaráðandans á búi G.Þ. að minsta kosti fram til 15. sept 1924 sýnir það greinilega að hún hefir ekki talið okkur okkar bera ábyrgð á halla heildverslunarinnar. Mótpartarnir virtist samkv. síðustu sókn, vera farin að renna grun í að ekki muni alt með feldu ef telja eigi félagsslitin frá 11. apríl og því sé hann nú að ~~grípa~~ ~~halda~~ því ~~fram~~ að félagsskapurinn hafi haldið áfram þangað til heildverslunin hætti eða henni var lokað, en eining hér rekur sig hvað á annars horn, því að svo miklir menn, sem í skiftaráð. sátu, hefðu varla tekið sér það vald að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(6) ráðstafa eignum okkar, að okkur forspurðum. Væri um nokkra kröfu á hendur mér og öðrum, gæti hún aldrei orðið annað einn J.G. fékk eist frá 17. maí 1924, að verið 1/3 hluti af þeirri reikningsskuld Kr. 4109.42, ~~sem ... getur í rskj.~~ 8. ~~en eg mótmæli einnig~~ hafi 11. apríl árinu áður (Stefn. rskj. 8). Eg vitaskuld held og fast við það, að mér beri ekki að greiða ~~það~~ þessa upphæð, því að efnahagsreikningurinn pr. 11/4 er mér öldungis óviðkomandi, enda ~~hefir~~ honum verið mótmælt sem röngum og er mótmælt sem röngum. Félagsslitin fóru fram í janúar 1923 miðað við áramót, eins og margoft er búið að taka fram.

Eg held fast við það að meturbréfið í rskj. 23 sé mikilvæg sönnun þess að félagsslitin hafi orðið í janúar 1923 ~~og að Á. Ó. hafi eftir~~.

Eg held fast við kröfu mína um ~~að orðin þau í sóknarskj~~ ómerkingu á tilvitnuðum orðum í sóknarskjölunum og að sá er þau hefir ritað, sækjandi eða málsaðila, verði sektaður fyrir þau.

Samkv. framanrituðu mótmæli eg útistandandi sókn í einu sem öllu og held fast við allar réttarkröfur mínar og legg málið í dóm með fyrirvara.

Rvík - - -

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 15. okt. 1924.

Herrar Asgeir Olafsson og Benedikt Sveinsson,

Reykjavík.

Eins og við undirritaðir skyrðum hr. Asgeiri Ólafssyni fra í samtali nylega, let nefnd su, sem kosin var til að gera upp bu Gunnars Þórðarsonar, endurskoða bækur hans og kom þa í ljos, að heildverzlunin, sem þer rakuð í felagi við hann, syndi halla að

upphæð.................................Kr.16.042.92

Þar af ber Gunnari Þórðarsyni, samkvæmt félagssamningi

ykkar, að greiða 1/3 eða....................Kr. 5.347.64

en yður eftirstöðvarnar....................Kr.10.695.28

Upphæð þessa, að fradregnum vöxtum af skuld Gunnars

við heildsöluna....................Kr. 188.26

og víxli, er þer þegar hafið tekið að

yður....................Kr.6.400.00

mínus peningum utborguðum

ykkur ur búinu..........Kr.1.280.00 = " 5.120.00 Kr. 5.308.26

Kr. 5.387.02

leyfum við okkur her með að mælast til að þer greiðið nefndinni, eða semjið um skuldina, innan sjö daga fra í dag. Að öðrum kosti mun nefndin ~~xjx~~ ekki sja ser annað fært, en að innheimta skuldina tafarlaust með lögsokn.

Eitt eintak af brefi þessu er sent hvorum ykkar í abyrgðarbrefi í dag.

Virðingarfylst,

f.h. nefndarinnar

Gunnar E. Kvaran

Einkamal.

# Efnahagur

heildverslunar Gunnars Þórðarsonar,Reykjavík, 31. des. 1932.

---

## Eignir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vörubirgðir (í húsi án álags) | Kr. 31676,37 |
| 2. | Útistandandi skuldir | " 17235,98 |
| 3. | Skrifstofugögn | " 715,00 |
| 4. | Í sjóði | " 1165,58 |
| | | Kr. 50792,93. |

## Skuldir :

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Víxill í Landsbanka Íslands | Kr 4500,00 |
| 2. | Aðrar innlendar skuldir | " 1000,00 |
| 3. | Skuldir við útlönd:<br>a Bretland £ 1357-0-10 á 25/= 33940,10<br>b Danmörk Dkr. 728,94 á 1,24= 903,89 | " 34843,99 |
| 4. | Stofnfé | " 9000,00 |
| 5. | Jöfnuður | " 1448,94 |
| | | Kr. 50792,93. |

Reykjavík,11. jan. 1933.

Gunnar Þórðarson, Benedikt Sveinsson.

Ásgeir Ólafsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LANDSBANKI ÍSLANDS

REYKJAVÍK

1922

Heildverslun Gunnars Þórðarsonar

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur